

Sendandi umsagnar:

Svanur Sigurbjörnsson, læknir

Lómasölum 43

201 Kópavogi

Til **Velferðarnefndar** eða þeirrar nefndar er mun fjalla um þingsályktunartillögu merkt sem **Þingskjal 566 — 452. mál**, sem nefnist "um heildrænar meðferðir græðara". (28.11.2012).
Flutningsmenn: Guðrún Erlingsdóttir, Bjarkey Gunnarsdóttir, Ólína Þorvarðardóttir og Álfheiður Ingadóttir.

Kæru alþingismenn

Undirritaður er því mótfallinn að

„Alþingi ályktar að fela velferðarráðherra að skipa starfshóp sem kanni hvort niðurgreiða skuli heildrænar meðferðir græðara til jafns við aðra heilbrigðisþjónustu og/eða undanþiggja þær greiðslu virðisaukaskatts.“ eins og segir í tillögunni. Ástæður þess eru eftirfarandi:

1. Svokallaðar heildrænar meðferðir græðara eru ósannreyndar meðferðir og flestar byggðar á gervivísindum sem ganga þvert á alla þá grunnþekkingu raunvísindanna sem fengist hefur með þrotlausri vinnu, rökhusun, vísindalegri aðferðafræði og vitrænum heiðarleika undanfarnar þrjár aldir.
2. Meðferðir byggðar á ímynduðum gervifræðum (t.d. hómeópatía og lithimnulestur) skila í besta falli **lyfleysuáhrifum um skamman tíma** og skaða því ekki (annað en fjárhag notandans) en í versta falli leiða fólk af eina möguleika þess á lækningu eins og í tilviki krabbameinsveikra. Þess eru mörg dæmi en einna þekktasta er dauði frumkvöðulsins Steve Jobs, en hann tók heildræna kuklmeðferð fram yfir skurðaðgerð þegar aðgerðin hefði mjög líklega bjargað lífi hans.
3. Gervivísindi og kukl mega aldrei verða hluti af því sem ríkið og heilbrigðistryggingakerfið greiða niður því að það væri það sama og að ráða talnaspeking til að reikna út burðarþol brúarstöpla hjá Vegagerðinni eða stjörnuspeking til að kanna himinhvolfið vísindalega og greiða þeim eins og um byggingarverkfræðing eða stjarneldisfræðing væri að ræða. Fyrir lækna er það jafn augljóst að fræði græðara eru gervivísindi og fyrir sjómann að fiskur verður ekki veiddur á þurru landi. Fyrir margt fólk ófaglært í aðferðafræði vísindanna er þetta á huldu og því má ekki skapa óvissu um þá opinberu heilbrigðisþjónustu sem það sækir með því að blanda inn í hana gervifræðum og kukli.
4. Mikið vantar upp á að greinar byggðar á vísindum fái að njóta sín sem skyldi, t.d. **tannlækningar og sálfræðiþjónusta**. Innlimun þeirra á að hafa **forgang** inn í tryggingakerfið.

Kukl á aldrei að styðja með opinberu fé, ekki einu sinni á tímum góðæris því að við höfum aldrei efni á því að styðja við kerfi blekkinga.

5. Lærum af mistökum annarra þjóða. Kínverskir læknar í fararbroddi vísindasamfélagsins þar telja forn-kínverska læknislist „oftast gagnslausa og stundum hættulegt afkvæmi fornra galdra sem reiði sig á óprófaðan sambræðing hugmynda og framandleg innihaldsefni til að blekkja sjúklinga.“ ([prófessor Zhang Gongyao](#) frá Háskóla Mið-suður Kína) og biðja þarlend stjórnvöld að láta af stuðningi við slíkt. Í Þýskalandi og Bretlandi hefur opinber stuðningur við þessi gervifræði kostað miklar upphæðir og skapað vandamál en þrátt fyrir að margir vilji losa ríkið við þetta hefur það reynst erfitt. Stjórnvöld í Bretlandi létu gera úttekt á hóméopatíu árið 2010 og komust að því að hún væri í raun á þar við galdralækningar.¹ Með því að hleypa ekki inn gervifræðum inn í íslenskt heilbrigðiskerfi tekst okkur að vernda vísindaleg heilindi þess, orðstýr og virkni.

Það þarf ekki að „kanna hvort að niðurgreiða skuli heildrænar meðferðir“, ekki frekar en að hvort að það eigi að kanna hvort að byggja eigi brýr úr bómull. Allt heilbrigðisstarfsfólk stundar heildræna nálgun að heilbrigðisvanda skjólstæðinga sinna - án kukls. Eflum frekar það sem gott er fyrir og vindum ofan af blekkingarvef gervivísinda. Með því að segja **nei** við þessari óheillavænlegu þingsályktunartillögu setja Alþingismenn gott fordæmi á þeirri braut.

Beinar athugasemdir við greinagerðina með tillögunni að þingsályktunartillögu.

1. Þar segir að

„Með setningu laga um græðara, nr. 34/2005, var stigið fyrsta skref í viðurkenningu á því góða starfi sem græðarar sinna við að veita heildrænar meðferðir.“

Það er alls kostar umdeilt hvort að hér sé um gott starf að ræða. Viðurkenningin fólst aðeins í því að þeir mættu starfa samkvæmt ákveðnum ramma til að gæta öryggis en alls ekki að um faglega viðurkenningu væri að ræða. Á því er mikill og mikilvægur munur.

2. Síðar segir að

„Með aukinni notkun almennings á heildrænum meðferðum er hægt að spara stórar fjárhæðir sem annars mundu fara í lyfjakostnað hjá ríkinu.“

¹ <http://www.publications.parliament.uk/pa/cm200910/cmselect/cmsctech/45/45.pdf> Niðurstaða skýrslunnar var sú að breska heilbrigðiskerfið (NHS) ætti ekki að niðurgreiða hóméopatíu (bls 47):

" Overall conclusion

33. By providing homeopathy on the NHS and allowing MHRA licensing of products which subsequently appear on pharmacy shelves, the Government runs the risk of endorsing homeopathy as an efficacious system of medicine. To maintain patient trust, choice and safety, the Government should not endorse the use of placebo treatments, including homeopathy. Homeopathy should not be funded on the NHS and the MHRA should stop licensing homeopathic products. (Paragraph 157)"

Þessi staðhæfing er afar djörf algerlega ósönnuð og verður að teljast lygi nema að komið sé fram með haldbær gögn henni til stuðnings. Greinar græðara í Bandalagi Íslenskra Græðara (BÍG) eru ekki það sem telja má viðurkenndar aðferðir til heilsuverndar og forvarnar við menningarsjúkdómum. Öllu líklegra er að notkun á þjónustu græðara valdi töfum á meðferð og þannig á endanum þurfi að grípa til dýrari og inngripsmeiri meðferðar en ella². Engar stórar tvíblindar og ritrýndar rannsóknir sýna fram á virkni greina græðara. Ef engin er virknin þá er heldur enginn sparnaður.³

Lítum aðeins á hverjar þessar greinar græðara í BÍG (www.big.is) eru:

Greinar í BÍG	Fræðilegur styrkur kenninga	Útkoma meðferðar-rannsókna	Hvers eðlis
Höfuðbeina- og spjaldhryggsjöfnun ⁴	Enginn. Stenst ekki rökleiðslu eða fræðilega skoðun.	Alls engin áhrif á sjúkdóma. Sumir upplifa þægindi.	Kukl
Lithimnufræði ⁵	Enginn. Stenst ekki rökleiðslu eða fræðilega skoðun	Alls engin heilsubætandi áhrif.	Kukl
Hómeopátía ⁶	Enginn. Stenst ekki rökleiðslu eða fræðilega skoðun.	Stórar rannsóknir sýna ekki fram á virkni > lyfleysu.	Kukl.
Svæðameðferð ⁷	Enginn varðandi svæðin en nudd er mekanískt.	Alls engin áhrif umfram venjulegt nudd.	Kuklað með nudd. Nudd getur ↓verki og losað spennu.
Viðbragðsfræði ⁸	Enginn. Stenst ekki fræðilega skoðun.		Kukl

² Í hópi græðara er fólk sem fer með róg um bólusetningar og elur á tilefnislausum ótta gagnvart þeim. Enn sem komið er hefur þetta ekki skaðað íslensk börn en í Bretlandi hafa faraldrar mislinga valdið heilsutapi barna.

³ <http://www.sciencebasedmedicine.org/index.php/dont-call-cam-cost-effective-unless-its-actually-effective/>

⁴ American Cancer Society: "Available scientific evidence does not support claims that craniosacral therapy helps in treating cancer or any other disease". www.cancer.org

⁵ <http://www.sciencebasedmedicine.org/index.php/iridology/>

⁶ Sjá bresku skýrsluna: <http://www.publications.parliament.uk/pa/cm200910/cmselect/cmsctech/45/45.pdf>

⁷ <http://www.cancer.org/treatment/treatmentsandsideeffects/complementaryandalternativemedicine/manualhealingandphysicaltouch/acupressure-shiatsu-and-other-asian-bodywork>

⁸ <http://www.nhs.uk/Conditions/reflexology/Pages/Introduction.aspx>

3. Svo segir:

„Í nágrannalöndum Íslands er í auknum mæli ávísað hreyfiseðlum við ýmsum lífsstílsvandamálum sem ágerast mjög með tímanum ef ekki er gripið tímanlega inn í og kunna að lenda þungt á heilbrigðiskerfinu á komandi árum. Hér geta heildrænar meðferðir komið almenningi öllum til góða.“

Hreyfing er ekki sérstök fræðigreinin meðal græðara eða sértæk fyrir ráðleggjara þeirra. Allir geta ráðlagt fólki að hreyfa sig en **íþróttافرæðingar, sjúkráþjálfarar og einkaþjálfarar** eru þeir fagaðilar sem hafa hreyfingu að sérfragi. Þessi vísun er því út í hött.

4. Næst kemur:

„Bæði vísa lækningar og aðrir heilbrigðisstarfsmenn fólki að leita til græðara vegna ýmissa vandamála og fólk leitar einnig í auknum mæli til þeirra að eigin frumkvæði til að leita annarra leiða en hið almenna heilbrigðiskerfi býður upp á.“

Hvaða lækningar vísa á græðara? Hallgrímur Magnússon? Ég hef ekki heyrt um aðra. Nálástungur (sjaldan) og hefðbundið nudd (oftar) er helst af því sem telja má óhefðbundið og lækningar hafa ráðlagt. Það er langur vegur frá nuddi og t.d. hómeópatíu og flestum þeim greinum sem græðarar iðka. Það að „leita annarra leiða“ þýðir ekki að sjálfkrafa séu þær skynsamlegar eða hafi sannanlega verkun. Það gerir ekki gervifræði að raunsönnuðum fræðum að bendla þau við heilbrigðisstarfsfólk og gefa í skyn að það sé algengt.

5. Neðar segir:

„Með skráningu græðara á grundvelli laga um græðara, nr. 34/2005, má hins vegar ætla að traust sé að aukast meðal almennings á starfsemi græðara og heildrænum meðferðum og er það vel.“

Græðaralögin frá 2005 gáfu tækifæri á þeirri mistúlkun að græðarar væru faglega viðurkenndir. Sumt fólk hefur líklega tekið því þannig en **flestir hafa ekki hugmynd um tilvist eða innihald þessara laga**. Lögin hafa því vart aukið traust á starfsemi græðara nema í litlu mæli og það er á hinn bóginn ljóst að fræðsla um gervivísindi og kukl frá þessum tíma hefur opnað augu margra fyrir þeirri skemmd á þekkingargrunni þjóðarinnar, ónýtingu mannaúðs og stundum heilsufarslegum skaða sem þau valda. Til dæmis er fjölmiðlafólk óðum að átta sig á þessu eins og sjá má á breyttum fréttafloftningi til batnaðar í þessum efnun undanfarið ár. Mikill stuðningur var við gagnrýnar fréttir af þessari tillögu (yfir 1500 "líkar við" á visisr.is).

6. Þá segir:

„Í könnun frá 2006 kemur fram að 32% aðspurðra nýta sér þjónustu sem felur í sér einhvern þátt heildrænna meðferða og má ætla að það hlutfall hafi aukist á síðustu árum.“

Stór hluti þjóðarinnar hefur einhvern tíman fíkað við að reykja. Fikt eða tímabundin prófun á „heildrænum meðferðum“ segir ekkert til um gæði eða sannanlegt lækningagildi meðferða græðara. Hún ber hins vegar vitni vel heppnaðrar markaðssetningar.

7. Að lokum segir:

„Því er ástæða til að kannað verði með ... niðurgreiðslu heildrænna meðferða ..., með sérstökum samningum við Sjúkratryggingar Íslands eða á grundvelli lagabreytinga sem veiti græðurum með viðurkennda menntun að baki samsvarandi stöðu og aðrar heilbrigðisstéttir. Rétt er að starfshópurinn taki allar mögulegar leiðir til skoðunar og skili rökstuddum niðurstöðum um hvaða leið sé best að fara í þessum efnum.“

Hvað er „viðurkennd menntun“ græðara? Menntun sem er viðurkennd af þeim sjálfum eða vísindasamfélaginu? **Menntun græðara er hreinlega ekki viðurkennd sem vísindaleg heilbrigðismenntun.** Sums staðar er grunnfögum raunvísinda skotið inn í námsefnið en á endanum er það „naturópatían, hómeópatían“ eða önnur óvísindaleg niðurstaða sem ræður ferðinni. Það er því óhugsandi að veita græðurum „samsvarandi stöðu og aðrar heilbrigðisstéttir“. Reynið að bjóða stétt lögfræðinga upp á það að áhugafólk um lög taki sæti við hlið lögfræðinga sem hæstaréttardómarar. Varðandi „hvaða leið sé best að fara í þessum efnum“ þá þarf fyrst að huga að því **hvort að nokkur leið** sé farin í þessum efnum og ráðlegging mín er sú að andstæð leið sé hin farsælasta, það er að hið opinbera og heilbrigðisstéttir vari við gervifræðum og kukli. Á síðasta aðalfundi **Læknafélags Íslands** var samþykkt eftirfarandi ályktun:

„Ályktun um hjálækningar

Aðalfundur læknafélags Íslands, haldinn á Akureyri 18.-19. október 2012 telur mikilvægt að brugðist verði við misvísandi og villandi upplýsingum sem haldið er að landsmönnum um hjálækningar af margvíslegu tagi.

Fundurinn felur stjórn LÍ að halda málþing með útgefendum og fjölmiðlafólki með það að markmið að hvetja til gagnrýnni umræðu um heilbrigðismál.“

Þessi ályktun kemur í kjölfarið af því að það tók steininn út í sumar þegar í Fréttatímanum birtist forsíðugrein og opna með frásögn konu sem fór í fleygskurð vegna brjóstakrabbameins en frásögnin var svo villandi að lesendur gátu haldið að lækningin hefði falist í alls kyns kukli sem hún fór í eftir meðferðina. Margt fleira hefur einnig komið til.

Að lokum vil ég nefna að skv. ákvæði í lögum um græðara frá 2005 átti að endurskoða lög in 5 árum síðar. Það hefur ekki verið gert svo ég viti til. Það er stór spurning hvort að þessi lög geri ekki meiri skaða en gagn. Mikill hluti kuklara er fyrir utan BÍG og því ná lög in ekki almennilega utan um þá og þeir fá sér ekki tryggingar. Lög in hafa verið misnotuð af græðurum með því að segja að þau gefi þeim faglega viðurkenningu. Þá hefur

Heilsumeistaraskólinn⁹ misnotað kennsluleyfi Menntamálaráðuneytisins með því að segja á vefsíðu sinni að "Námið er viðurkennt sem þriggja ára nám í heildrænum meðferðum frá Menntamála-ráðuneyti." Samkvæmt niðurstöðu fyrirspurnar minnar til ráðuneytisins er aðeins um leyfi vegna þess að kennsluleg skilyrði eru uppfyllt en engin afstaða tekin til námsefnisins. Með réttu ætti að standa að skólinn hafi kennsluleyfi og ekkert meir en þarna er ráðuneytið misnotað sem gæðastimpill á námið.

Lög um græðara þarf að endurskoða sem fyrst enda er það skylt lögum samkvæmt. Væntanlega þarf að stofna nefnd um þá vinnu og þar er kominn vettvangur til að fjalla um framtíðarafskipti ríkisins af þessum málum.

Virðingarfyllt,

Svanur Sigurbjörnsson læknir

s: 896 3465

svanurmd@gmail.com

⁹ <http://www.heilsumeistaraskolinn.com/HMS/Heima.html> Skólinn býður upp á þriggja ára nám í náttúrulækningum. (Alþýðu-grasalækningar, naturopathy, iridology, sjálfsrækt, heilandi fæði og næring o.fl.)